



161. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal miðvikudaginn 22. apríl 2009 og hófst kl. 12:00

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Lárus Blöndal, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Friðrik Einarsson, Örn Andrésón, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Helgi Sigurðsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forseti setti fund og bauð nýja stjórnarmenn velkomna. Hann kom á framfæri þökkum til starfsfólks ÍSÍ fyrir vel heppnað þing.

Skipan í embætti stjórnar og nefndir og ráð innan ÍSÍ verður staðfest á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

### 1. Íþróttaping

Farið yfir undirbúning og framkvæmd Íþróttapings ÍSÍ. Þingið tókst vel í alla staði og umgjörð þess var glæsileg. Skrifstofu fallið að halda utan um þær athugasemdir sem fram hafa komið varðandi undirbúning og framkvæmd næsta þings. Stjórnarmönnum afhent samantekt á samþykktum tillögum þingsins og yfirlit yfir nefndir og ráð sem skipa þarf í fyrir næsta fund.

### 2. Ólympísk verkefni

#### Smáþjóðaleikar á Kýpur 1.-7. júní

Undirbúningur Smáþjóðaleika er vel á veg kominn. Skila þarf skráningum á nöfnum viku fyrir leika. Heildarfjöldi íslenskra þátttakenda verður ca. 180 manns.

Aðalfararstjóri verður Örn Andrésón. Aðrir í fararstjórn verða Helga H. Magnúsdóttir, Andri Stefánsson og Halla Kjartansdóttir. Ákvörðun um fagteymi mun liggja fyrir síðar.

#### Vetrarólympíuleikar í Vancouver 2010

Framundan eru fundir með Skíðasambandi Íslands í tengslum við undirbúning Vetrarólympíuleikanna í Vancouver. Áætlað er að sex skíðamenn taki þátt í leikum.

Ólympíusamhjálpin hefur samþykkt að styrkja fimm skíðamenn á undirbúningstímabilinu fram að leikum.

Haldinn verður fræðsludagur með styrkþegum í Sjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna laugardaginn 2. maí nk.

### 3. Heiðranir

Samþykkt að heiðra Guðmund Ágúst Ingvarsson, fráfarandi formann HSÍ, Heiðurskrossi ÍSÍ og Sigurjón Pétursson fráfarandi varaformann HSÍ, með Gullmerki ÍSÍ.

Forseti mun afhenda viðurkenningarnar á þingi HSÍ síðar í dag.

Samþykkt að veita eftirtöldum viðurkenningar í tilefni 100 ára afmælis Umf. Aftureldingar:

Gullmerki ÍSÍ: Jóhann Guðjónsson og Anna Þóra Stefánsdóttir

Silfurmerki ÍSÍ: Elísabet Guðmundsdóttir, Vicente Carrasco og Guðrún Kristín Einarsdóttir.

Forseti, framkvæmdastjóri, Hafsteinn Pálsson og Ingibjörg B. Jóhannesdóttir munu sækja viðburði í tengslum við afmælið.

#### **4. Aðalfundur Íslenskrar getspár**

Aðalfundur Íslenskrar getspár verður haldinn 30. apríl nk. Fulltrúar ÍSÍ á fundinum verða Lárus Blöndal, Gunnar Bragason, Örn Andrés�on, Hafsteinn Pálsson og Líney Rut Halldórsdóttir.

Samþykkt að eftirtaldir verði fulltrúar ÍSÍ í stjórn Íslenskrar getspár:

##### **Aðalmenn:**

Lárus Blöndal og Gunnar Bragason

##### **Varamenn:**

Örn Andrés�on og Líney R. Halldórsdóttir

#### **5. Fundargerðir**

Eftirtalдар fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

-160. Fundar framkvæmdastjórnar

-SÍÓ frá 21. apríl 2009

#### **6. Þing og fundir**

Farið yfir þing og fundi sem framundan eru.

#### **7. Önnur mál**

##### **Íþróttahátíð 2010**

Umfjöllun um íþróttahátíð 2010 frestað til næsta fundar.

##### **Ferðasjóður**

Eins og fram kom á Íþróttapingi leggur íþróttahreyfingin mikla áherslu að staðinn verði vörður um Ferðasjóð íþróttafélaga. Skrifstofu falið að leita eftir leiðréttingu á framlagi fyrir árið 2009, sem skert var um 30 milljónir samkvæmt Fjárlögum 2009.

##### **Frjálsar íþróttir á Ólympíuleikum ungmenna**

Á ársþingi Evrópska frjálsíþróttasambandsins var lögð fram ályktun, í nafni frjálsíþróttasambanda Hollands, Svíþjóðar og Íslands, vegna þátttöku frjálsíþróttasambanda í Ólympíuleikum ungmenna. Skrifstofu falið að óska eftir ítarlegri upplýsingum um málið.

##### **Hnefaleikanefnd ÍSÍ**

Forseti greindi frá því að fulltrúar HNÍ hafi búist við að Hnefaleikanefnd ÍSÍ yrði gerð að sérsambandi á 69. Íþróttapingi ÍSÍ. Boðað verður til fundar með stjórn Hnefaleikanefndar ÍSÍ fljótlega til að fara yfir málið.

##### **Evrópumót fatlaðra í sundi**

Gústaf Adolf skýrði frá því að 504 væru skráðir til keppni í Evrópumóti fatlaðra í sundi sem haldið verður hér á landi í október nk. Sú nýbreytni verður á mótinu að bæði hreyfihamlaðir og þroskaheftir fá að taka þátt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari